Júlí 1974

24

# Fréttabréf

# Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Símar 21775 og 21776

# F R É T T A B R É F

24

Kjararannsóknarnefnd er þannig
skipuð í júlí 1974:

Eðvarð Sigurðsson
Guðmundur H. Garðarsson
Haukur Björnsson
Júlíus K. Valdimarsson
Ólafur Jónsson (formaður)
Snorri Jónsson

Efnisyfirlit:

| | | Bls. |
|---|---|---|
| I | Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1974. | 3 |
| II | Nýir kjarasamningar. | 17 |
| III | Verkföll og verkbönn. | 27 |
| IV | Atvinnuleysi. | 31 |

## Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1978.

Þau gögn sem liggja til grundvallar greiddu tímakaupi eru fengin úr bókhaldi 50 fyrirtækja og ná yfir 1344 þús. vinnustundir.

Tímakaup og vinnutími verka-
manna á 1. ársfj. 1974.

Á tímabilinu 1. ársfj. 1973 til og með 1. ársfj. 1974 urðu tvívegis samningsbundnar hækkanir, þann 1. mars 1973 og 26.febr. 1974. Vísitöluhækkanir urðu alls fimm sinnum þ. e. 1. mars 1973, 1. júní 1973, 1. sept. 1973, 1. des. 1973 og 1. mars 1974, samtals urðu þessar hækkanir sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Hækkun kaupgreiðsluvísit. | 28,1% |
| " grunnkaups | 10,7% |
| Víxlverkandi hækkunaráhrif | 3,0% |
| | 41,8% |

Heildarhækkun taxtakaupsins er því 41,8%,á sama tíma hækkar greitt tímakaup verkamanna úr 152,80 í 229,85 eða um 50,4%. Samkvæmt þessum tölum hefur hlutfallslegt launaskrið aukist um 8,6%. Þótt ætla megi að nokkurt launaskrið hafi átt sér stað á umræddu tímabili er sú tala sem hér er nefnd vafalaust of há þar sem 1. ársfj. 1973 var áætlaður og sú áætlun var án efa of lág. Meðaltímakaup án. hd. hækkar enn meira en tímakaup í dagv. eða úr kr. 173,89 í kr. 264,80 eða um 52,2%.

| Tafla 1,1 | Dvt. % | Evt. % | Nvt. % |
|---|---|---|---|
| Alm. verkamannav. | 74,0 | 13,8 | 12,2 |
| Aðstoð v/fagv. | 75,9 | 15,4 | 8,7 |
| Vélstjórn | 70,5 | 10,8 | 18,7 |
| Samanvegið | 73,7 | 13,6 | 12,7 |
| 1. ársfj. 1974 | 73,7 | 13,6 | 12,7 |
| 1. " 1973 | 76,5 | 12,1 | 11,4 |
| 1. " 1972 | 77,5 | 12,6 | 9,9 |
| 1. " 1971 | 80,8 | 11,3 | 7,9 |
| 1. " 1970 | 81,3 | 10,7 | 8,0 |
| 1. " 1969 | 82,0 | 10,1 | 7,9 |
| 1. " 1968 | 80,6 | 10,9 | 8,5 |
| 1. " 1967 | 78,6 | 13,3 | 8,1 |
| 1. " 1966 | 76,9 | 13,4 | 9,7 |

Tafla 1,1 sýnir hlutfallslega skiptingu sem vinnutíma verkamanna, sýnir að yfirvinna hefur aukist verulega sem hlutfall af heildarvinnutímanum á 1. ársfj. 1974. Þessi þróun hefur staðið frá 1. ársfj. 1970. Þessar tölur um vinnutíma gefa aðeins til kynna hvernig hlutfallslegri skiptingu vinnutímans er háttað. Nýjar vinnutímatöflur birtast nú í fyrsta skipti í þessu Fréttabréfi

(sjá töflur 2, 4 og 6) þar sem raunverulegar vinnustundir eru skráðar í klst. en ekki hlutfallsleg skipting vinnutíma í dagvinnustundir, eftirvinnustundir eins og áður. Allar þessar tölur spegla þá geysilegu þennslu og verðbólgu sem geysað hefur á tímabilinu. Samt sem áður koma nýju kjarasamningarnir sem undirritaðir voru 26. febr. 1974 aðeins að ríflega einum þriðja inn í 1. ársfj. 1974.

Tímakaup iðnaðarmanna

Greitt tímakaup á 1. ársfj. 1973 og 1974.

| Tafla 1,2 | Tímakaup í dagv. 1973 | Tímakaup í dagv. 1974 | Aukn. % | Meðaltímak.án hd. 1973 | Meðaltímak.án hd. 1974 | Aukn. % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skipasm. og viðg. | 179,14 | 288,22 | 60,9 | 205,94 | 322,03 | 56,4 |
| Málmsmíðar | 184,09 | 296,11 | 60,9 | 217,08 | 345,05 | 59,0 |
| Trésmíðar | 196,33 | 296,07 | 50,8 | 223,58 | 329,51 | 4[illegible],4 |
| Húsgagnagerð | 194,03 | 284,20 | 46,5 | 210,33 | 306,02 | 45,5 |
| Flugvirkjun | 239,68 | 408,18 | 70,3 | 271,31 | 513,67 | 89,3 |
| Bifr.sm.og viðg. | 193,25 | 306,26 | 58,5 | 217,06 | 356,91 | 64,4 |
| Rafvirkjun | 208,50 | 323,53 | 55,2 | 239,69 | 360,83 | 50,5 |
| Bökunarvinna | 211,23 | 279,37 | 32,3 | 228,98 | 321,84 | 40,6 |
| Prentun og bókag. | 207,17 | 287,88 | 39,0 | 235,35 | 322,22 | 37,0 |
| Vegið meðaltal | 195,95 | 298,94 | 52,6 | 222,51 | 339,65 | 52,6 |

Tímakaup iðnaðarmanna hækkar að meðaltali nokkru meiru en tímakaup verkamanna. Yfirvinna iðnaðarmanna virðist ekki hafa aukist á tímabilinu.

**Skýringar á tímakaupshugtökum.**

Tímak. í dagv. = kaup : (1,0 · Dvt. + 1,4 · Evt. + 1,8 · Nvt.)

Helgid.álag. = ((tímak. í dagv. · helgid.tímar):(Dvt.+Evt.+Nvt.))

Eftirv.álag = tímak. í dagv.((Dvt.+ 1,4 Evt.):(Dvt.+Evt.)) - tímak.í dagv.)

Meðaltímak. = kaup : (Dvt. + Evt. + Nvt.)

Næturv. álag = meðaltímak. - tímak. í dagv. - helgid.álag. - eftirv.álag.

# Nýjar vinnutímatöflur.

Upplýsingar um vinnutíma einstakra starfsstétta hafa fram að þessu verið af mjög skornum skammti. Í fréttabréfum Kjararannsóknarnefndar hafa um alllangt skeið birst tölur um hlutfallslega skiptingu vinnutímans, en upplýsingar hafa ekki verið fyrir hendi um hvaða tölur stæðu að baki þessari hlutfallslegu skiptingu og þar með hver raunverulegur vinnutími er. Af þessum sökum hefur reynst örðugt að merkja hvaða hræringar hafi átt sér stað á vinnumarkaðinum.

Áður en ráðist var í gerð nýs vinnutímaprógrams fyrir skýrsluvélavinnslu var fullreynt,að ekki væri heppilegt að upplýsingar um raunverulegan vinnutíma tækju til alls úrtaks Kjararannsóknarnefndar. Þetta stafar m. a. af því að það fólk, sem ekki vinnur allan daginn á mjög misjafnan hluta af heildarvinnumagninu. Einnig getur árstíðabundið vinnuafl skekkt myndina allmikið, og enn má nefna, að aukin starfsmannavelta fylgir jafnan í kjölfar aukinnar vinnuaflseftirspurnar. Þessir þættir gætu hver fyrir sig og allir saman valdið því að heildarvinnustundafjöldi pr. mann færi lækkandi við háspennta vinnuaflseftirspurn - ef úrtakið væri allt notað.

Af þessum ástæðum var brugðið á það ráð að velja undirúrtak fyrir vinnutímatöflurnar. Var þá haft í huga að í þetta nýja úrtak færu aðeins þeir, sem skiluðu vissum lágmarksfjölda dagvinnutíma á ársfjórðungi. Prófuð voru tvö lágmörk, 400 dvt. og 450 dvt. Niðurstöður urðu því sem næst eins í báðum tilfellum, en þar sem neðra lágmarkið gefur stærra úrtak virðist eðlilegra að velja það. Samkvæmt þessu sýna þessar nýju vinnutímatöflur (nr. 2, 4 og 6 hér á eftir) vikulegan vinnutíma þess verkafólks sem vinnur yfir 400 tíma á ársfjórðungi. Að öðru leyti skýra töflurnar sig sjálfar. Eldri töflur um hlutfallslega skiptingu vinnutímans falla niður frá og með þessu hefti.

Greitt tímakaup verkamanna.

| Tafla 1,3 | | Tímak. í dagv. | Meðaltímakaup án hd. | Meðaltímakaup með hd. | Ársfjórðungsleg hækkun % 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. |
| 1966 | | 58,82 | 68,82 | 70,20 | - | - | - |
| 1967 | | 62,40 | 72,07 | 73,82 | 6,1 | 4,7 | 5,3 |
| 1968 | | 66,12 | 76,19 | 78,28 | 6,0 | 5,7 | 5,9 |
| 1969 | 1. ársfj. | 69,91 | 77,54 | 78,29 | 2,3 | 0,6 | 1,2 |
| | 2. " | 74,25 | 86,14 | 92,42 | 6,2 | 11,1 | 18,1 |
| | 3. " | 80,45 | 89,61 | 89,61 | 8,4 | 4,0 | - 3,0 |
| | 4. " | 82,69 | 92,19 | 95,35 | 2,8 | 2,9 | 6,4 |
| 1970 | 1. ársfj. | 82,19 | 90,88 | 94,04 | - 0,6 | - 1,4 | - 1,4 |
| | 2. " | 86,43 | 100,85 | 105,24 | 5,2 | 11,0 | 11,9 |
| | 3. " | 102,68 | 116,33 | 116,33 | 18,8 | 15,4 | 10,5 |
| | 4. " | 104,60 | 117,38 | 119,58 | 1,9 | 0,9 | 2,8 |
| 1971 | 1. ársfj. | 105,52 | 116,93 | 118,03 | 0,9 | - 0,4 | - 1,3 |
| | 2. " | 105,33 | 122,69 | 130,92 | - 0,2 | 4,9 | 10,9 |
| | 3. " | 106,99 | 122,78 | 122,78 | 1,6 | 0,1 | - 6,2 |
| | 4. " | 110,64 | 124,43 | 126,07 | 3,7 | 1,3 | 2,7 |
| 1972 | 1. ársfj. | 125,58 | 142,54 | 145,26 | 13,5 | 14,6 | 15,2 |
| | 2. " | 134,83 | 159,81 | 166,71 | 7,4 | 12,1 | 14,8 |
| | 3. " | 145,73 | 165,99 | 165,99 | 8,1 | 3,9 | - 0,4 |
| | 4. " | 149,93 | 172,22 | 175,45 | 2,9 | 3,8 | 5,7 |
| 1973 | 1. ársfj. | 152,80 | 173,89 | 177,15 | 1,9 | 1,0 | 1,0 |
| | 2. " | 168,36 | 200,62 | 209,36 | 10,2 | 15,4 | 18,2 |
| | 3. " | 178,23 | 209,48 | 209,48 | 5,9 | 4,4 | 0,1 |
| | 4. " | 192,19 | 227,25 | 232,70 | 7,8 | 8,5 | 11,1 |
| 1974 | 1. ársfj. | 229,85 | 264,80 | 267,05 | 19,6 | 16,5 | 14,8 |

Í samanburði á kaupmætti fyrir og eftir 1. ársfj. 1972 skal það undirstrikað, að hér er um að ræða kaupmátt tímakaups og verkar því vinnutímastyttingin til hækkunar sem ekki hefði verið ef miðað hefði verið við vikukaup.

Kaupmáttur tímakaups verkamanna miðað við framfærsluvísitölu Kauplagsnefndar.

| Tafla 1,4 | | Greitt tímak. í dagv. | Greitt meðal-tímak. án hd. | Vísit. framf. kostn. | Vísitala kaupm. Tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. Meðal-tímak. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1961 | | 24,70 | 28,10 | 79,6 | 95,5 | 91,1 |
| 1962 | | 27,90 | 32,50 | 88,3 | 97,2 | 95,0 |
| 1963 | | 32,50 | 38,75 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1964 | | 41,25 | 48,60 | 119,2 | 106,5 | 105,2 |
| 1965 | | 49,00 | 57,87 | 127,7 | 118,1 | 116,9 |
| 1966 | | 58,82 | 68,82 | 141,2 | 128,1 | 125,7 |
| 1967 | | 62,40 | 72,07 | 146,2 | 131,4 | 127,2 |
| 1968 | | 66,12 | 76,19 | 168,8 | 120,5 | 116,5 |
| 1969 | | 76,83 | 86,37 | 205,3 | 115,1 | 108,6 |
| 1970 | 1. ársfj. | 82,19 | 90,88 | 220,3 | 114,8 | 106,5 |
| | 2. " | 86,43 | 100,85 | 227,1 | 117,1 | 114,6 |
| | 3. " | 102,68 | 116,33 | 238,1 | 132,7 | 126,1 |
| | 4. " | 104,60 | 117,38 | 243,5 | 132,2 | 124,4 |
| 1971 | 1. ársfj. | 105,52 | 116,93 | 244,9 | 132,6 | 123,2 |
| | 2. " | 105,33 | 122,69 | 247,1 | 131,2 | 128,1 |
| | 3. " | 106,99 | 122,78 | 246,5 | 133,6 | 128,5 |
| | 4. " | 110,64 | 124,43 | 249,4 | 136,5 | 128,8 |
| 1972 | 1. ársfj. | 125,58 | 142,54 | 255,7 | 151,1 | 143,8 |
| | 2. " | 134,83 | 159,81 | 274,3 | 151,3 | 150,4 |
| | 3. " | 145,73 | 165,99 | 279,9 | 160,2 | 153,0 |
| | 4. " | 149,93 | 172,22 | 281,2 | 164,1 | 158,1 |
| 1973 | 1. ársfj. | 152,80 | 173,89 | 300,3 | 156,6 | 149,4 |
| | 2. " | 168,36 | 200,63 | 324,4 | 159,7 | 159,6 |
| | 3. " | 178,23 | 209,48 | 340,2 | 161,2 | 158,9 |
| | 4. " | 192,19 | 227,25 | 367,7 | 160,8 | 159,5 |
| 1974 | 1. ársfj. | 229,85 | 264,80 | 399,0 | 177,3 | 171,3 |

Kaupmáttur tímakaups verkamanna miðað við vísitölu Hagstofu Íslands fyrir vöru og þjónustu.

| Tafla 1,[illegible] | | Vísit. tímak. í dagv. | Vísit. meðaltímak. án hd. | Vísit. vöru og þjónustu | Vísitala kaupm. Tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. Meðaltímak. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1961 | | 76,0 | 72,5 | 79,4 | 95,7 | 91,3 |
| 1962 | | 85,8 | 83,9 | 88,7 | 96,7 | 94,6 |
| 1963 | | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1964 | | 126,9 | 125,4 | 119,4 | 106,3 | 105,0 |
| 1965 | | 150,8 | 149,3 | 128,2 | 117,6 | 116,5 |
| 1966 | | 181,0 | 177,6 | 144,5 | 125,2 | 122,8 |
| 1967 | | 192,0 | 186,0 | 149,4 | 128,5 | 124,5 |
| 1968 | | 203,4 | 196,6 | 172,8 | 117,7 | 113,8 |
| 1969 | | 236,4 | 222,9 | 214,5 | 110,2 | 103,9 |
| 1970 | 1. ársfj. | 252,9 | 234,5 | 230,9 | 109,5 | 101,6 |
| | 2. " | 265,9 | 260,3 | 239,0 | 111,3 | 108,9 |
| | 3. " | 315,9 | 300,2 | 250,3 | 126,2 | 119,9 |
| | 4. " | 321,9 | 302,9 | 260,2 | 123,7 | 116,4 |
| 1971 | 1. ársfj. | 324,7 | 301,7 | 260,2 | 124,8 | 115,9 |
| | 2. " | 324,1 | 316,6 | 262,5 | 123,5 | 120,6 |
| | 3. " | 329,2 | 316,8 | 262,8 | 125,3 | 120,6 |
| | 4. " | 340,4 | 321,1 | 266,7 | 127,6 | 120,4 |
| 1972 | 1. ársfj. | 386,4 | 367,8 | 282,2 | 136,9 | 130,3 |
| | 2. " | 414,9 | 412,4 | 302,0 | 137,4 | 136,6 |
| | 3. " | 448,4 | 428,4 | 308,1 | 145,5 | 139,0 |
| | 4. " | 461,3 | 444,4 | 311,9 | 147,9 | 142,5 |
| 1973 | 1. ársfj. | 470,2 | 448,7 | 336,4 | 139,8 | 133,4 |
| | 2. " | 518,0 | 517,8 | 368,2 | 140,7 | 140,6 |
| | 3. " | 548,4 | 540,6 | 384,6 | 142,6 | 140,6 |
| | 4. " | 591,4 | 586,5 | 412,3 | 143,4 | 142,3 |
| 1974 | 1. ársfj. | 707,2 | 683,4 | 448,8 | 157,6 | 152,3 |

Ath: Vísitala vöru og þjónustu er hér reiknuð út sem ársmeðaltal og ársfjórðungsmeðaltal, miðað við stöðu hennar í miðjum mánuði.

Kaupmáttur tímakaups iðnaðarmanna miðað
við framfærsluvísitölu Kauplagsnefndar.

| Tafla 1,6 | | | Vísit. tímak. í dagv. | Vísit. meðal-tímak. án hd. | Vísit. framf. kostn. | Vísitala kaupm. Tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. Meðal-tímak. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1. | 2. | 3. | | |
| 1963 | | | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100 | 100 |
| 1964 | | | 123,2 | 126,0 | 119,2 | 103 | 106 |
| 1965 | | | 147,3 | 155,0 | 127,7 | 115 | 121 |
| 1966 | | | 182,8 | 189,2 | 141,2 | 129 | 134 |
| 1967 | | | 191,5 | 197,1 | 146,2 | 131 | 135 |
| 1968 | | | 201,8 | 206,0 | 168,8 | 120 | 122 |
| 1969 | 1. | ársfj. | 206,3 | 199,6 | 193,9 | 106 | 103 |
| | 2. | " | 216,5 | 233,6 | 202,6 | 107 | 115 |
| | 3. | " | 239,4 | 232,9 | 210,3 | 114 | 111 |
| | 4. | " | 246,3 | 249,3 | 214,4 | 115 | 116 |
| 1970 | 1. | ársfj. | 253,2 | 243,0 | 220,3 | 115 | 110 |
| | 2. | " | 257,7 | 267,5 | 227,1 | 114 | 118 |
| | 3. | " | 306,4 | 302,3 | 238,1 | 129 | 127 |
| | 4. | " | 320,1 | 314,4 | 243,5 | 131 | 129 |
| 1971 | 1. | ársfj. | 319,7 | 314,0 | 244,9 | 133 | 128 |
| | 2. | " | 327,8 | 321,5 | 247,1 | 133 | 130 |
| | 3. | " | 345,3 | 343,7 | 246,5 | 140 | 139 |
| | 4. | " | 347,9 | 346,2 | 249,4 | 140 | 139 |
| 1972 | 1. | ársfj. | 394,9 | 391,8 | 255,7 | 154 | 153 |
| | 2. | " | 421,1 | 426,9 | 274,3 | 154 | 156 |
| | 3. | " | 441,6 | 444,2 | 279,9 | 158 | 159 |
| | 4. | " | 452,4 | 457,7 | 281,2 | 161 | 163 |
| 1973 | 1. | ársfj. | 461,1 | 463,6 | 300,3 | 154 | 154 |
| | 2. | " | 509,5 | 521,6 | 324,4 | 157 | 161 |
| | 3. | " | 552,0 | 564,6 | 340,2 | 162 | 166 |
| | 4. | " | 608,7 | 622,5 | 367,7 | 166 | 169 |
| 1974 | 1. | ársfj. | 703,4 | 707,6 | 399,0 | 176 | 177 |

Kaupmáttur tímakaups iðnaðarmanna
miðað við vöru og þjónustu.

| Tafla 1,7 | | Greitt tímak. í dagv. | Greitt meðal-tímak. án hd. | Vísit. vöru og þjónustu | Vísitala kaupm. Tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. Meðal-tímak. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1963 | | 42,50 | 48,00 | 100,0 | 100 | 100 |
| 1964 | | 52,35 | 60,50 | 119,4 | 103 | 106 |
| 1965 | | 62,60 | 74,42 | 128,2 | 115 | 121 |
| 1966 | | 77,67 | 90,82 | 144,5 | 127 | 131 |
| 1967 | | 81,38 | 94,63 | 149,4 | 128 | 132 |
| 1968 | | 85,76 | 98,89 | 172,8 | 117 | 119 |
| 1969 | 1. ársfj. | 87,68 | 95,79 | 201,7 | 102 | 99 |
| | 2. " | 92,02 | 112,14 | 211,4 | 102 | 111 |
| | 3. " | 101,74 | 111,80 | 219,9 | 109 | 106 |
| | 4. " | 104,69 | 119,67 | 224,9 | 110 | 111 |
| 1970 | 1. ársfj. | 107,63 | 116,64 | 230,9 | 110 | 105 |
| | 2. " | 109,53 | 128,42 | 239,0 | 108 | 112 |
| | 3. " | 130,20 | 145,11 | 250,3 | 122 | 121 |
| | 4. " | 136,03 | 150,90 | 260,2 | 123 | 121 |
| 1971 | 1. ársfj. | 135,89 | 150,71 | 260,2 | 126 | 122 |
| | 2. " | 139,30 | 154,31 | 262,5 | 125 | 122 |
| | 3. " | 146,77 | 165,00 | 262,8 | 131 | 131 |
| | 4. " | 147,86 | 166,17 | 266,7 | 130 | 130 |
| 1972 | 1. ársfj. | 167,83 | 188,09 | 282,2 | 140 | 139 |
| | 2. " | 178,96 | 204,92 | 302,0 | 139 | 141 |
| | 3. " | 187,66 | 213,20 | 308,1 | 143 | 144 |
| | 4. " | 192,27 | 219,71 | 311,9 | 145 | 147 |
| 1973 | 1. ársfj. | 195,95 | 222,51 | 336,4 | 137 | 138 |
| | 2. " | 216,55 | 250,35 | 368,2 | 138 | 142 |
| | 3. " | 234,61 | 271,02 | 384,6 | 144 | 147 |
| | 4. " | 258,71 | 298,78 | 412,3 | 148 | 151 |
| 1974 | 1. ársfj. | 298,94 | 339,65 | 448,8 | 157 | 158 |

Tafla 1 — Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1974.

| Verkamenn<br>Véltafla 245 | Heildar-<br>vinnust.<br>þús.<br>1. | Vog<br><br><br>2. | Tímak.<br>í dagv.<br>kr.<br>3. | Helgid.<br>álag<br>kr.<br>4. | Eftirv.<br>álag<br>kr.<br>5. | Næturv.<br>álag<br>kr.<br>6. | Meðal-<br>tímak.<br>kr.<br>7. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alm. verkamannav. | | | | | | | |
| Fiskvinna | 45 | 6 | 201,96 | 1,72 | 15,28 | 34,27 | 253,23 |
| Hafnarvinna | 161 | 19 | 190,99 | 1,38 | 15,46 | 28,26 | 236,09 |
| Pakkhúsvinna | 27 | 7 | 215,16 | 2,37 | 12,61 | 15,98 | 246,12 |
| Lyftaravinna | 39 | 2 | 207,21 | 1,25 | 16,85 | 30,03 | 255,34 |
| Byggingarvinna | 11 | 25 | 270,21 | 2,58 | 19,61 | 8,75 | 301,15 |
| Afgreiðslustörf | 39 | 11 | 255,80 | 2,69 | 6,08 | 25,70 | 290,27 |
| Bæjarvinna | 164 | 11 | 211,38 | 1,95 | 14,31 | 18,64 | 246,28 |
| Verksmiðjuvinna | 81 | 10 | 220,61 | 1,89 | 8,00 | 10,03 | 240,53 |
| Slippvinna | 28 | 2 | 219,36 | 2,31 | 16,29 | 13,02 | 250,98 |
| Ýmis alm. vinna | 67 | 7 | 211,22 | 2,25 | 13,08 | 26,48 | 253,03 |
| Vegið meðaltal | 662 | 100 | 227,79 | 2,10 | 14,26 | 19,33 | 263,48 |
| Aðstoð v/fagvinnu | | | | | | | |
| Málmsmíðar | 15 | 35 | 241,08 | 2,63 | 15,01 | 18,36 | 277,08 |
| Trésmíðar | 5 | 38 | 234,04 | 2,95 | 16,79 | 2,33 | 256,11 |
| Bifr. sm. og viðg. | 15 | 27 | 229,09 | 2,45 | 15,25 | 28,57 | 275,36 |
| Vegið meðaltal | 35 | 100 | 235,17 | 2,70 | 15,75 | 15,03 | 268,65 |
| Vélstjórn | | | | | | | |
| Bílstjórar | 110 | 80 | 233,10 | 2,58 | 11,02 | 32,58 | 279,28 |
| Ýtu- og kranastj. | 57 | 20 | 240,98 | 2,38 | 18,56 | 33,38 | 295,30 |
| Vegið meðaltal | 167 | 100 | 234,67 | 2,54 | 12,53 | 32,74 | 282,48 |
| Samanvegið | | | | | | | |
| Alm. verkamannav. | 662 | 71 | 227,79 | 2,10 | 14,26 | 19,33 | 263,48 |
| Aðstoð v/fagvinnu | 35 | 14 | 235,17 | 2,70 | 15,75 | 15,03 | 268,65 |
| Vélstjórn | 167 | 15 | 234,67 | 2,54 | 12,53 | 32,74 | 282,48 |
| | 864 | 100 | 229,85 | 2,25 | 14,21 | 20,74 | 267,05 |

Tafla 2 — Vinnutímatafla - 1. ársfj. 1974.

Verkamenn

Véltafla 454

| | Vog | Dvt. | Evt. | Nvt. | Meðalt. vinnust. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| **Alm. verkamannav.** | | | | | |
| Fiskvinna | 6 | 35,2 | 8,2 | 10,8 | 54,2 |
| Hafnarvinna | 19 | 37,1 | 9,3 | 11,8 | 58,2 |
| Pakkhúsvinna | 7 | 38,8 | 6,5 | 4,5 | 49,8 |
| Lyftaravinna | 2 | 37,7 | 9,5 | 12,5 | 59,7 |
| Byggingarvinna | 25 | 36,0 | 9,1 | 2,3 | 47,4 |
| Afgreiðslustörf | 11 | 38,5 | 2,2 | 2,2 | 42,9 |
| Bæjarvinna | 11 | 38,3 | 7,6 | 6,3 | 52,2 |
| Verksmiðjuvinna | 10 | 37,1 | 4,3 | 2,8 | 44,2 |
| Slippvinna | 2 | 37,1 | 8,4 | 4,3 | 49,8 |
| Ýmis alm. vinna | 7 | 38,1 | 6,8 | 9,3 | 54,2 |
| Vegið meðaltal | 100 | 37,2 | 7,3 | 6,0 | 50,5 |
| **Aðstoð v/fagvinnu** | | | | | |
| Málmsmíðar | 35 | 37,2 | 6,5 | 4,4 | 48,1 |
| Trésmíðar | 38 | 39,1 | 8,7 | 0,4 | 48,2 |
| Bifr. sm. og viðg. | 27 | 37,7 | 7,4 | 8,0 | 53,1 |
| Vegið meðaltal | 100 | 38,0 | 7,6 | 3,9 | 49,5 |
| **Vélstjórn** | | | | | |
| Bílstjórar | 80 | 39,0 | 4,7 | 9,8 | 53,5 |
| Ýtu- og kranastj. | 20 | 38,0 | 8,8 | 11,3 | 58,1 |
| Vegið meðaltal | 100 | 38,8 | 5,5 | 10,1 | 54,4 |
| **Samanvegið** | | | | | |
| Alm. verkamannav. | 71 | 37,2 | 7,3 | 6,0 | 50,5 |
| Aðstoð v/fagvinnu | 14 | 38,0 | 7,6 | 3,9 | 49,5 |
| Vélstjórn | 15 | 38,8 | 5,5 | 10,1 | 54,4 |
| | 100 | 37,5 | 7,1 | 6,3 | 50,9 |

Tafla 3 — Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1974.

| Iðnaðarmenn<br>Véltafla 265 | Heildar-<br>vinnust.<br>þús. | Vog | Tímak.<br>í dagv.<br>kr. | Helgid.<br>álag<br>kr. | Eftirv.<br>álag<br>kr. | Næturv.<br>álag<br>kr. | Meðal-<br>tímak.<br>kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. |
| Tímavinna | | | | | | | |
| Skipasm. og viðg. | 18 | 3 | 288,22 | 3,13 | 19,01 | 14,80 | 325,16 |
| Málmsmíðar | 67 | 25 | 296,11 | 3,17 | 18,63 | 30,31 | 348,22 |
| Trésmíðar | 35 | 10 | 296,07 | 3,35 | 21,90 | 11,54 | 332,86 |
| Húsgagnagerð | 19 | 16 | 284,20 | 3,56 | 18,94 | 2,88 | 309,58 |
| Flugvirkjun | 23 | 2 | 408,18 | 4,14 | 9,88 | 95,61 | 517,81 |
| Bifr. sm. og viðg. | 35 | 17 | 306,26 | 3,23 | 18,52 | 32,13 | 360,14 |
| Rafvirkjun | 27 | 10 | 323,53 | 3,68 | 18,00 | 19,30 | 364,51 |
| Bókunarvinna | 5 | 4 | 279,37 | 2,64 | 16,83 | 25,64 | 324,48 |
| Prentun og bókag. | 17 | 13 | 287,88 | 3,80 | 0,00 | 34,44 | 326,12 |
| Vegið meðaltal | 246 | 100 | 298,94 | 3,39 | 16,27 | 24,44 | 343,04 |

Tafla 4 — Vinnutímatafla - 1. ársfj. 1974.

| Iðnaðarmenn<br>Véltafla 456 | Vog | Dvt. | Evt. | Nvt. | Meðalt.<br>vinnust. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| Skipasm. og viðg. | 3 | 35,1 | 6,9 | 3,4 | 45,4 |
| Málmsmíðar | 25 | 36,2 | 6,5 | 6,5 | 49,2 |
| Trésmíðar | 10 | 37,8 | 8,5 | 2,5 | 48,8 |
| Húsgagnagerð | 16 | 35,8 | 6,9 | 0,6 | 43,3 |
| Flugvirkjun | 2 | 30,7 | 2,5 | 10,0 | 43,2 |
| Bifr. sm. og viðg. | 17 | 37,7 | 6,7 | 6,8 | 51,2 |
| Rafvirkjun | 10 | 38,0 | 6,1 | 3,5 | 47,6 |
| Bókunarvinna | 4 | 38,2 | 7,5 | 8,3 | 54,0 |
| Prentun og bókag. | 13 | 36,8 | 0,0 | 6,2 | 43,0 |
| Vegið meðaltal | 100 | 36,8 | 5,8 | 4,9 | 47,5 |

Tafla 5 — Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1974.

Verkakonur
Véltafla 235

| | Heildar- vinnust. þús. | Vog | Tímak. í dagv. kr. | Helgid. álag kr. | Eftirv. álag kr. | Næturv. álag kr. | Meðal- tímak. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. |
| Fiskvinna | 22 | 15 | 179,06 | 0,60 | 13,08 | 45,26 | 238,00 |
| Afgreiðslustörf | 4 | 10 | 204,05 | 2,05 | 1,81 | 24,36 | 232,27 |
| Verksmiðjuvinna | 107 | 43 | 192,65 | 1,77 | 2,73 | 2,92 | 200,07 |
| Bæjarvinna | 23 | 1 | 189,79 | 2,00 | 3,60 | 6,20 | 201,59 |
| Bökunarvinna | 5 | 2 | 207,66 | 2,75 | 4,23 | 6,65 | 221,29 |
| Fatasaumur | 9 | 19 | 218,91 | 3,25 | 0,00 | 0,00 | 222,16 |
| Prentun og bókag. | 5 | 6 | 197,44 | 2,55 | 0,00 | 17,68 | 217,67 |
| Ýmis alm. vinna | 9 | 4 | 194,14 | 2,83 | 0,70 | 9,54 | 207,21 |
| Vegið meðaltal | 184 | 100 | 197,36 | 2,01 | 3,47 | 12,12 | 214,96 |

Tafla 6 — Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 1. ársfj. 1974.

Verkakonur
Véltafla 453

| | Vog | Dvt. | Evt. | Nvt. | Meðalt. vinnust. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| Fiskvinna | 15 | 33,8 | 2,7 | 1,1 | 37,6 |
| Afgreiðslustörf | 10 | 38,6 | 0,8 | 5,1 | 44,5 |
| Verksmiðjuvinna | 43 | 36,5 | 1,5 | 0,8 | 38,8 |
| Bæjarvinna | 1 | 37,5 | 1,6 | 1,2 | 40,3 |
| Bökunarvinna | 2 | 39,7 | 1,5 | 2,6 | 43,8 |
| Fatasaumur | 19 | 33,1 | 0,0 | 0,0 | 33,1 |
| Prentun og bókag. | 6 | 37,1 | 0,0 | 5,7 | 42,8 |
| Ýmis alm. vinna | 4 | 39,3 | 0,4 | 2,8 | 42,5 |
| Vegið meðaltal | 100 | 35,8 | 1,2 | 1,6 | 38,6 |

Tafla 7 — Meðaltímakaup - 1. ársfj. 1974.

Flugáhafnir
Véltöflur 275 og 375

| | Heildar- vinnust. þús. | Meðal- tímak. kr. | Heildar- kaup þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Flugstj.(stór vél | 6 | 1.168,67 | 6685 |
| " (meðal vél) | 7 | 978,38 | 6614 |
| Flugáh. (stór vél) | 12 | 680,10 | 8488 |
| " (meðal vél) | 7 | 613,95 | 4363 |
| Flugfreyjur | 18 | 318,63 | 5610 |

## Nýir kjarasamningar.

Í yfirliti því sem hér fer á eftir er gerð stutt grein fyrir samningum 11 aðila sem gengu frá nýjum kjarasamningum um mánaðarmótin febrúar/mars.

Yfirlit þetta er tekið saman af starfsmönnum Kjararannsóknarnefndar samkvæmt beiðni fastanefndar aðila vinnumarkaðarins, en er að mestu endurskoðun á samsvarandi yfirliti sem samið var í mars sl. að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Endurskoðun plaggsins fólst að mestu leyti í því, að hlutaðeigandi hagsmunasamtökum var sendur sá hluti yfirlitsins sem að þeim beindist og þess farið á leit, að þau leiðréttu villur eða missagnir og bentu á veigamestu breytingar á hlunnindum, sem ekki komu fram. Alls fengu 24 hagsmunafélög málið til meðferðar. Svör fengust frá 22 og leiddu þau til nokkurra breytinga, sem flestar eru þó smávægilegar.

Þegar meta skal launa og hlunnindahækkanir skipta ýmis sérákvæði í hinum ýmsu samningum nokkru máli. Fjöldi slíkra ákvæða er mikill er eðlismunur á þeim verulegur. Mati á þessum ákvæðum er því sleppt, nema þar sem um er að ræða breytt ákvæði um starfsaldurshækkanir á laun. Ef um er að ræða sölu félags á fyrri hlunnindum er litið svo á að þar sé um kaup kaups að ræða.

Það skal að lokum undirstrikað að allar tölur hér á eftir eru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 149,89 (eða 100). Vísitöluhækkunin 1. mars sl. er undanskilin.

## DAGSBRÚN.

| | |
|---|---|
| Taxtatilfærslur | 5,6% |
| Almenn hækkun | 12,2% |
| Hraðari starfsaldursh. | 0,4% |
| Víxlverkandi hækkunaráhrif | 0,8% |
| v/Mjólkursamsölu | 0,1% |
| Samtals | 19,1% |

Ýmsar sérstakar hækkanir m. a. til sumra mánaðarkaupsmanna og stjórnenda þungavinnuvéla er ekki unnt að meta á þessu stigi. Samningar Dagsbrúnar gefa að sumu leyti skakka mynd af kjarasamningum verkamannafélaganna. Ástæðan er sú, að hin sérstaka hækkun sem fékkst á fiskvinnu vegur margfalt minna á félagssvæði Dagsbrúnar en víða út um land.

## FRAMSÓKN.

| | |
|---|---|
| Taxtatilfærslur | 7,8% |
| Almenn hækkun | 12,2% |
| Starfsaldurshækkanir | 0,6% |
| Víxlverkandi hækkunaráhrif | 1,1% |
| | 21,7% |

Þýðing fiskvinnunnar fyrir verkakonur kemur fram í því að taxtatilfærslur vega meira hjá Framsókn en hjá Dagsbrún.

## IÐJA.

| | |
|---|---|
| Láglaunahækkun | 5,6% |
| Almenn hækkun | 12,0% |
| Víxlverkandi hækkunaráhrif | 0,7% |
| | 18,3% |

## VERSLUNAR-OG SKRIFSTOFUFÓLK.

| | |
|---|---|
| Almenn hækkun | 17,2% |
| Starfsaldurshækkanir | 2,5% |
| Taxtatilfærslur | 3,0% |
| Víxlverkandi hækkunaráhrif | 1,0% |
| Meðalhækkun | 23,7% |

Í þessum reikningum er miðað við fyrstu 9 flokka V. R. Í febrúarsamningnum var samið um laun í 10. flokki en svo var ekki í eldri samningi.

# TRÉSMIÐIR

## Vikukaup, almenn vinna.

| | Laun 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.027 | 8.189 | 16,54 |
| Eftir 1 ár | 7.114 | 8.516 | 19,71 |
| Eftir 2 ár | 7.364 | 8.857 | 20,27 |
| | | Vegin meðalh. | 19,86 |

Trésmiðir fengu einnig nokkra hækkun á fæðisgjaldi í skiptum fyrir önnur hlunnindi. Þá var nýjum lið bætt við verkfæragjald og kallast það nú verkfæra og vinnufatagjald. Ef þessir þættir eru teknir með lítur dæmið þannig út:

| | 1/12´73 | Nýr samn. | |
|---|---|---|---|
| Meðalvikuk. | 7.313 | 8.766 | |
| Fæðisgj. | 647 | 1.134 | |
| Verkf. + vf. | 300 | 487 | |
| | 8.260 | 10.387 | Hækkun: 25,75% |

Ógerlegt er að meta hvort eða að hve miklu leyti meta ætti hækkun fæðis- og verkfærapeninga til kauphækkunar.

Þá fengu trésmiðir inn ákvæði um sérstakt 10% námskeiðsálag v/námskeiðs sem haldið verður einhvern tíma á samningstímabilinu.

## Vikukaup, verkstæðisvinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.730 | 9.007 | 16,52 |
| Eftir 1 ár | 7.826 | 9.367 | 19,69 |
| Eftir 2 ár | 8.100 | 9.742 | 20,27 |
| | 8.044 | 9.642 | 19,87 |
| Verkfæragj. | 300 | 487 | |
| Fæðispen. | 0 | 1.134 | |
| | 8.344 | 11.263 | 34,98 |

Reikningstala, ákvæðisvinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| Kaupliður | 152,30 | 178,39 | 17,13 |
| 1)Fæðis-og ferðap. | 10,78 | 18,88 | |
| 2)Verkfæragj. | 7,50 | 12,17 | |
| Reikningstala kr. | 170,58 | 209,44 | 22,78% |

| | | |
|---|---|---|
| Hækkanir á kauplið: | | 152,30 kr. |
| | + 4,25% | 6,47 - |
| | | 158,77 kr. |
| | + 8% | 12,70 - |
| | | 171,47 kr. |
| | + 1200 / 173.3333 | 6,92 - |
| | | 178,39 kr. |

1) Fæðisgj. var kr. 10,78 + 8,25 = 19,03 ef unnið var í Garðahr. Þetta álag var aflagt í samningi 27. febrúar 1974.

2) Verkfæragj. var 4,23% af 2. taxta. Nú er bætt við vinnuf. gjaldi og samanlögð eru þessi gjöld 5,5% af 3. taxta.

## HÚSGAGNASMIÐIR.

Bekkvinna, vikukaup.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.394 | 10.666 | 44,25 |
| 2. og 3. ár | 7.985 | 10.519 | 44,26 |
| Eftir 3 ár | 8.281 | 11.980 | 44,67 |
| | | Vegin meðalh. | 44,57% |

Húsgagnasmiðir afsöluðu sér greiðslum fyrir 1. veikindadag ef um er að ræða skemmri veikindatíma en 5 daga.

## PÍPULAGNINGAMENN.

Vikukaup tímavinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.262 | 8.453 | 16,40 |
| 2. Og 3. ár | 7.471 | 8.792 | 17,68 |
| Eftir 3 ár | 7.644 | 9.143 | 19,61 |
| | | Vegin meðalh. | 19,04% |

Reikningstala, ákvæðisvinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| Kaupliður | 159,96 | 187,03 | 16,92 |
| Fæði-og flutn. | 8,92 | 19,49 | |
| Helgid. | 5,17 | 5,61 | |
| Fatagj. | | 3,43 | |
| | 174,05 | 215,56 | 23,85% |

## JÁRNSMIÐIR, BLIKKSMIÐIR, BIFVÉLAVIRKJAR ofl.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.497 | 8.718 | 16,29 |
| 2. og 3. ár | 7.713 | 9.067 | 17,55 |
| Eftir 3 ár | 7.892 | 9.430 | 19,49 |
| | | Vegin meðalh. | 18,92% |

Auk þess fengu járniðnaðarmenn nýtt 10% álag á viðgerðir og vinnu við þunga hluti. Ef gert ráð fyrir að allir járniðnaðarmenn njóti þessa álags verður heildarhækkun þeirra: 118,92 · 1,10 = 30,81%.

Þá er það nýmæli í samningum járniðnaðarmanna að öll yfirvinna á föstudögum greiðist á næturvinnukaupi. Ákvæði þess efnis var þó í samningi bifreiðasmiða.

## MÁLARAR.

### Vikukaup alm. vinna

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.006 | 8.165 | 16,54 |
| Eftir 1 ár | 7.081 | 8.491 | 19,91 |
| Eftir 2 ár | 7.313 | 8.831 | 20,76 |
| | | Vegin meðalh. | 20,28% |

### Reikningstala, ákv. vinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| Kaupliður * | 164,73 | 212,30 | 28,88 |
| Verkfæragj. | 6,97 | 8,49 | |
| Fæðisgj. | 12,02 | 16,98 | |
| Helgid. | 5,15 | 6,37 | |
| | 188,87 | 244,14 | 29,26% |

* Í kauplið er gömul línusala innifalin.

## RAFVIRKJAR.

### Vikukaup, tímavinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7,553 | 8.780 | 16,25 |
| 2. Og 3. ár | 7.781 | 9.132 | 17,36 |
| Eftir 3 ár | 7.971 | 9.497 | 19,14 |
| | | Vegin meðalh. | 18,62% |

Ofangreindar tölur eru án allra álaga. Rafvirkjar seldu línuna fyrir 8,9% álag á laun rafvirkja á 1. ári og sömu krónuhækkun til annarra tímakaupsmanna. Í ákvæðisvinnu er þetta álag 5,94% á tímaeiningu.

### Einingarverð, ákvæðisvinna.

| | 1/12´73 | 26/2´74 | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| Kaupliður | 194,28 | 228,29 | 17,51 |
| Verkfæragj. | 8,22 | 9,66 | |
| | 202,50 | 237,95 | |
| Álögur * | 15,80 | 29,60 | |
| | 218,30 | 267,55 | 22,56 |

Ákvæðisvinna rafvirkja fer að lengmestu leyti fram utan þeirrar línu sem áður gilti. Þau hlunnindi sem henni fylgdu voru vafalaust verðmætari en hið nýja álag. Af þessu leiðir að launa og hlunnindahækkun rafvirkja á ákvæðisvinnu er hér nokkuð ofmetin.

* Álögur sundurliðast þannig:

| | 1/12´73 | Nýr samn. |
|---|---|---|
| Aukahelgidagar | 4,0% | 4,0% |
| v/strætisvagna | 3,8% | 2,5% |
| v/seldrar línu | | 5,94% |
| Samtals í ákvv. | 7,8% | 12,44% |

Tímakaupsmenn fá greitt 3,8% álag á kaup 1. árs v/strætisv. Ágreiningur er milli aðila um hvort þetta álag hafi fengist í skiptum fyrir fyrri hlunnindi tímakaupsmanna eður ei.

## MÚRARAR.

### Vikukaup

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| 1. ár | 7.116 | 8.396 | 17,99 |
| 2. ár | 7.300 | 8.732 | 19,62 |
| 3. ár | 7.628 | 9.081 | 19,05 |
| | | Vegin meðalh. | 18,98% |

### Reikningstala, ákv. vinna.

| | 1/12´73 | Nýr samn. | Hækkun % |
|---|---|---|---|
| Kaupliður | 148,93 | 183,34 | 23,10 |
| Helgid. | 4,47 | 5,50 | |
| | 153,40 | 188,84 | |
| 1)Fæðis-og flutn.gj. | 13,04 | 19,83 | |
| Verkfærapen. | 8,03 | 12,82 | |
| Reikningstala | 174,47 | 221,49 | 26,95% |

| Hækkanir á kauplið: | 148,93 |
|---|---|
| + 4,25% | 6,33 |
| | 155,26 |
| + 8,0% | 12,42 |
| | 167,68 |
| + 6,93 kr. | 6,93 |
| | 174,61 |
| 2) + 5% erfiðisálag | 8,73 |
| | 183,34 |

1)Fæðis- og flutningsgjald hækkar úr 8,5% í 10,5%.
2)Nýtt álag, erfiðisálag, kemur inn í nýja samningnum.

## Verkföll og verkbönn.

Í töflu I er að finna yfirlit um verkföll hér á landi frá 1960 til júníloka 1974. Í fréttabréfum 14 og 18 er að finna ítarlegar skýringar á samsvarandi töflum.

Á síðari hluta ársins 1973 kom tvisvar til verkfalla. Félag framreiðslumanna hóf verkfall þann 9. nóv. og stóð það í rétta tvo mánuði eða til 9. jan. 1974. Síðara verkfallið var hjá flugfreyjum dagana 14. - 16. des. 1973. Samkvæmt þessu urðu alls 5 verkföll á árinu 1973 og hafa þau aðeins tvisvar sinnum orðið færri frá 1960. Því verður að telja, að vinnufriður hafi verið með besta móti á árinu.

Í lok ársins 1973 voru blikur á lofti í kjaramálum. Samningar þeir sem gerðir voru 4. des. 1971 giltu til tveggja ára. Flest stærstu verkalýðsfélög landsins sögðu þeim samningum lausum frá og með 1. nóv. 1973 og í kjölfar þess hófust viðræður milli heildarsamtaka vinnumarkaðarins um gerð nýrra kjarasamninga. Þær viðræður stóðu sleitulítið til febrúarloka 1974 eftir að til mjög víðtækra verkfalla hafði komið.

Snemma í febrúar 1974 beindi ASÍ þeim tilmælum til aðildarfélaga sinna að þau boðuðu til verkfalls frá og með 19. febrúar. Þann dag hófst verkfall hjá VR og öðrum stærstu félögum verslunarfólks, en önnur félög frestuðu verkfallsaðgerðum um fjóra sólarhringa. Að þeim fresti loknum eða 23. febrúar skall á allsherjarverkfall. Nokkur félög voru þó degi síðar á ferðinni. Verkföllum þessum var flestum aflýst eða frestað 26. eða 27. sama mánaðar, eftir að nýjir kjarasamningar höfðu verið undirritaðir.

Alls er vitað um 83 félög sem þátt tóku í þessum aðgerðum, en fleiri verkföll fylgdu í kjölfarið. Þann 16.apríl hófust verkföll yfirmanna á farskipum, sem alls náðu til rösklega 500 manna. Farmannaverkföllin stóðu til 23. apríl, nema verkfall stýrimanna, sem stóð til 3. maí. Grafíska sveinafélagið fór í verkfall 23/3 og H.Í.P. 27/3, en bæði stóðu þessi verkföll til 9. maí. Verkfræðilegir ráðunautar lögðu niður vinnu dagana 28. og 29. mars. Vélstjórar í Áburðar-og Sementsverksmiðju voru í verkfalli í einn dag, 2[illegible]. maí, og Félag íslenskra línumanna fór í verkfall þann 19. júní og stendur það enn í byrjun júlí.

Verkföll og verkbönn árin 1960 - 1974.

| Tafla I | Fjöldi vinnu-stöðv-ana | Dagar með vinnust. | Fjöldi þátttak-enda | Vinnustöðvunardagar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | A S Í | | | |
| | | | | Land-fólk | Far og fiskims. sjómenn | Aðrir | Samtals |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. |
| 1960 | 3 | 14 | 125 | 580 | 100 | | 680 |
| 1961 | 70 | 214 | 16357 | 249188 | 28289 | 960 | 278437 |
| 1962 | 24 | 171 | 3029 | 19140 | 80490 | 352 | 99982 |
| 1963 | 66 | 153 | 21262 | 205959 | 114 | 700 | 206773 |
| 1964 | 4 | 32 | 1207 | 10441 | | | 10441 |
| 1965 | 66 | 147 | 15727 | 31959 | 51970 | 540 | 84469 |
| 1966 | 23 | 13 | 1866 | 5254 | | | 5254 |
| 1967 | 60 | 87 | 9371 | 14076 | 2475 | 1620 | 18171 |
| 1968 | 67 | 60 | 20083 | 221939 | | | 221939 |
| 1969 | 137 | 86 | 33826 | 100332 | 46540 | 2969 | 149842 |
| 1970 | 65 | 48 | 15705 | 296596 | 7147 | | 303743 |
| 1971 | 7 | 79 | 1790 | 6120 | 26139 | 180 | 32439 |
| 1972 | 5 | 56 | 1100 | 7225 | 4946 | | 12171 |
| 1973 | 5 | 90 | 729 | 4714 | 9678 | | 14392 |
| jan.-jún. 1974 | 94 | 55 | 30948 | 89265 | 3917 | | 93182 |

Tapaðir vinnudagar vegna verkfalla
og atvinnuleysis árin 1960 - 1974.

| Tafla II | Verk-falls-dagar | Þar af atv.l. dagar | Tapaðir vinnudagar vegna: | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Vinnust. | Atvinnul. | Samtals |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1960 | 680 | 1 | 679 | 19284 | 19963 |
| 1961 | 278437 | 835 | 277602 | 20228 | 297830 |
| 1962 | 99982 | 200 | 99782 | 13173 | 112955 |
| 1963 | 206773 | 207 | 206566 | 9970 | 216536 |
| 1964 | 10441 | 21 | 10420 | 14925 | 25345 |
| 1965 | 84469 | 338 | 84131 | 35319 | 119450 |
| 1966 | 5254 | 21 | 5233 | 37088 | 42321 |
| 1967 | 18171 | 127 | 18044 | 73113 | 91157 |
| 1968 | 221939 | 4883 | 217056 | 257516 | 474572 |
| 1969 | 149842 | 7492 | 142350 | 572412 | 714762 |
| 1970 | 303743 | 5771 | 297972 | 267662 | 565634 |
| 1971 | 32439 | 357 | 32082 | 147654 | 179736 |
| 1972 | 12171 | 110 | 12061 | 104568 | 116629 |
| 1973 | 14392 | 72 | 14320 | 59622 | 73942 |
| jan.-jún. 1974 | 93182 | * 466 | * 92716 | * 28000 | * 120716 |

* Áætlaðar tölur.

Tafla II sýnir fjölda tapaðra vinnudaga, vegna verkfalla og atvinnuleysis árin 1960 - 1974. Þess ber að geta að hér kemur einungis fram vinnutap þeirra, sem taka þátt í verkföllum, en ekki annarra sem það bitnar á, nema það leiði til atvinnuleysis og komi þá fram í þeim dálki. Hér er því fremur um að ræða talningu á töpuðum kaupgreiðsludögum launþega, en vinnutapi þjóðfélagsins. Þó er á þessu sú undantekning, að ef einhver hluti áhafnar skipa fer í verkfall telst öll áhöfnin vera í verkfalli.

Hlutfallslegt atvinnutap vegna vinnustöðvana og atvinnuleysis árin 1960 - 1974.

| Tafla III | Mann-afli | Vinnu-dagar | Tapaðir vinnudagar vegna: vinnust. % | atvl. % | samt. % |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1960 | 67.774 | 20.467.748 | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| 1961 | 68.604 | 20.718.408 | 1,3 | 0,1 | 1,4 |
| 1962 | 69.902 | 21.110.404 | 0,5 | 0,1 | 0,5 |
| 1963 | 71.204 | 21.503.608 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| 1964 | 72.577 | 21.918.254 | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| 1965 | 74.088 | 22.374.576 | 0,4 | 0,2 | 0,5 |
| 1966 | 75.599 | 22.830.898 | 0,0 | 0,2 | 0,2 |
| 1967 | 77.075 | 23.276.650 | 0,1 | 0,3 | 0,4 |
| 1968 | 78.700 | 23.767.400 | 0,9 | 1,1 | 2,0 |
| 1969 | 79.500 | 24.009.000 | 0,6 | 2,4 | 3,0 |
| 1970 | 82.272 | 24.846.144 | 1,2 | 1,1 | 2,3 |
| 1971 | 85.564 | 25,840.328 | 0,1 | 0,6 | 0,7 |
| 1972 | 87.339 | 21.895.887 | 0,1 | 0,4 | 0,5 |
| 1973 | * 89.140 | * 22.347.398 | 0,1 | 0,2 | 0,3 |
| jan.-jún. 1974 | * 90.100 | * 11.294.035 | 0,8 | 0,3 | 1,1 |

* Áætlaðar tölur.

Tafla III sýnir samanburð á fjölda tapaðra vinnudaga og heildarfjölda mögulegra vinnudaga alls vinnuafls í landinu. Vinnudagarnir (liður 2 í töflu III) hafa verið fundnir út með því að margfalda mannaflann með 302 (365,237 dagar á árinu ÷ 52,177 sunnudagar og ÷ 11.052 aðrir frídagar = 302.008). Nú er 5 daga vinnuvika ríkjandi, og breytist því margfeldið í 250,7 frá og með árinu 1972 (365,237 dagar á árinu ÷ 104,354 laugardagar og sunnudagar ÷ 10,193 aðrir frídagar = 250,690). Bent skal sérstaklega á þetta atriði í samanburði á milli ára.

# Atvinnuleysi.

## Atvinnuleysi miðað við heildarvinnuafl í landinu.

Árið 1973 minnkaði atvinnuleysi 4 árið í röð, meðaltal skráðra atvinnulausra manna er eftirfarandi.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1968 | er | fjöldi | atvinnulausra | 554 |
| 1969 | " | " | " | 1952 |
| 1970 | " | " | " | 1105 |
| 1971 | " | " | " | 572 |
| 1972 | " | " | " | 455 |
| 1973 | " | " | " | 357 |

Tafla I sýnir heildarfjölda manna á atvinnuleysisskrá á öllu landinu í lok hvers mánaðar 1973 og hlutfallslegan fjölda atvinnulausra miðað við heildarvinnuafl landsins. Atvinnuleysið var mest 31. desember 790 manns en minnst 31. ágúst 119 menn. Mesta atvinnuleysið er á mánuðunum nóv. - mars.

Atvinnuleysisskráning 1973

| Tafla I | Fjöldi atv. lausra | Heildar-vinnu afl | Hlutf. tala atv.l. |
|---|---|---|---|
| 1. jan. | 699 | 85.548 | 0,8 |
| 31.jan. | 658 | 85.698 | 0,8 |
| 28. febr. | 561 | 85.848 | 0,7 |
| 31. mars | 398 | 85.998 | 0,5 |
| 30. apríl | 290 | 86.148 | 0,3 |
| 31. maí | 366 | 86.298 | 0,4 |
| 30. júní | 225 | 86.448 | 0,3 |
| 31. júlí | 124 | 86.598 | 0,1 |
| 31. ágúst | 119 | 86.748 | 0,1 |
| 30. sept. | 144 | 86.898 | 0,2 |
| 31. okt. | 174 | 87.048 | 0,2 |
| 30. nóv. | 485 | 87.198 | 0,6 |
| 31. des. | 790 | 87.348 | 0,9 |
| Meðaltal | 357 | 86.448 | 0,4 |

Við útreikning á meðaltali er miðað við fjölda atvinnulausra manna 15. hvers mánaðar. Endanlegar tölur um heildarvinnuafl 1973 eru ekki fyrir hendi, en þær eru áætlaðar í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins.

Atvinnuleysi meðal atvinnutryggðra launþega
frá stofnun Atvinnuleysistryggingarsjóðs.

| Tafla II | Unnir dagar (1) | Bættir (2) | Óbættir (3) | Samtals (4) | Bætt (5) | Samt. (6) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1957 | 7.175.129 | 8.713 | 3.921 | 12.634 | 0,1 | |
| 1958 | 7.623.766 | 12.596 | 5.656 | 18.252 | 0,2 | |
| 1959 | 7.705.553 | 17.576 | 7.909 | 25.485 | 0,2 | |
| 1960 | 8.098.943 | 13.299 | 5.985 | 19.284 | 0,2 | |
| 1961 | 8.106.571 | 13.950 | 6.278 | 20.228 | 0,[illegible] | |
| 1962 | 8.519.313 | 9.085 | 4.088 | 13.173 | 0,1 | |
| 1963 | 9.247.184 | 6.876 | 3.094 | 9.970 | 0,1 | |
| 1964 | 9.667.642 | 10.293 | 4.632 | 14.925 | 0,1 | |
| 1965 | 9.810.499 | 24.358 | 10.961 | 35.319 | 0,2 | |
| 1966 | 9.778.125 | 25.578 | 11.510 | 37.088 | 0,3 | |
| 1967 | 12.264.097 | 50.423 | 22.690 | 73.113 | 0,4 | |
| 1968 | 11.971.499 | 177.577 | 79.919 | 257.516 | 1,5 | 2,2 |
| 1969 | 11.499.954 | 394.767 | 177.645 | 572.412 | 3,4 | 5,0 |
| 1970 | 13.782.935 | 184.598 | 83.069 | 267.667 | 1,3 | 1,9 |
| 1971 | 13.704.320 | 101.830 | 45.824 | 147.654 | 0,7 | 1,1 |
| 1972 | 11.679.120 | 72.116 | 32.452 | 104.568 | 0,6 | 0,9 |
| 1973 | * 11.322.505 | 52.015 | 7.607 | 59.622 | 0,5 | 0,5 |

* Áætlaðar tölur.

Tafla II sýnir atvinnuástandið á öllu landinu frá 1957. Hún er þannig unnin, að I dálkur hennar, sem sýnir heildarfjölda unninna daga hjá öllum meðlimum sjóðsins, er fundinn með því að margfalda fjölda vinnuvikna með 5,81 . Fyrsta jan. 1972 varð vinnuvikan 40 klst. og eftir það er mergfeldið sem notað er 5,0. Mikilvægt er að þetta atriði sé haft í huga þegar samanburður milli ára er skoðaður.

Upplýsingar um fjölda vinnuvikna eru fengnar frá Atvinnuleysistryggingarsjóði, sem lætur reikna þær út úr skattframtölum fyrirtækja. Þessi vinnuvikna fjöldi leggur grundvöll að tekjum sjóðsins.

Dálkur II, sem sýnir fjölda bættra atvinnuleysisdaga, er fenginn með því að deila bótataxta sjóðsins upp í heildarupphæð bótagreiðslna aðrar en bætur vegna barna. Með bótataxta er hér átt við þá upphæð sem sjóðurinn greiðir fyrir hvern atvinnulausan dag, og er þá notuð sú tala, sem liggur mitt á milli greiddra dagpeninga til kværntra og ókvæntra, en þeir fá mismunandi háar greiðslur.

Dálkur III sýnir fjölda atvinnuleysisdaga, sem falla óbættir. Í fréttabréfi 11 eru óbættir atvinnuleysisdagar áætlaðir 45% af bættum og er sú áætlun óbreytt til 27. apríl 1973. Sjóðurinn hefur ekki bætt allt atvinnuleysi á undanförnum árum heldur hafa verið ákvæði um ákveðinn biðtíma áður en viðkomandi fær rétt til bóta. 27. apríl 1973 var gerð veruleg breyting á lögum um Atvinnuleysistryggingarsjóð, þannig hljóðar 17 gr. nú:
"Sá sem öðlast bótarétt samkv. 15 gr., sbr. 16 gr.,á þegar rétt til bóta fyrir þá heilu daga, sem hann hefur verið atvinnulaus. Bætur greiðast þó ekki fyrir færri en þrjá atvinnuleysisdaga í senn. Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og engum skulu greiddar slíkar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum."

Samkvæmt 17 grein er nú svo til allt atvinnuleysi bætt, þannig öðlast viðkomandi launþegi bætur frá fyrsta degi þótt bætur séu ekki greiddar fyrir færri en þrjá atvinnuleysisdaga í senn, óbættir dagar falla því niður frá og með 27. apríl 1973 í töflu I. Veruleg breyting er gerð á upphæð bóta, en þær miðast við 2 taxta Dagsbrúnar, aðalreglan er sú að fyrirvinna fær 80%, einstaklingur 70% og fyrir hvert barn 6,5%, þó eru ekki greiddar bætur fyrir fleiri börn en þrjú.